



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



**Sæborg**

**2024 – 2025**



### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Leiðarljós Sæborgar eru:

VIRÐING

GLEÐI

METNAÐUR

SKÖPUN



## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	5
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 .....	6
3 Umbótaáætlun leikskólans fyrir 2024-2025.....	7
4 Garðar, innra mat og umbótaáætlun.....	9
5 Lambhóll, innra mat og umbótaáætlun.....	11
6 Suðurhlíð, innra mat og umbótaáætlun.....	13
7 Brúarendi, innra mat og umbótaáætlun.....	16
8 Listasmiðja, innra mat og umbótaáætlun.....	19
9 Sérkennsla, innra mat og umbótaáætlun.....	20
10 Fjölyngd börn, innra mat og umbótaáætlun.....	22
11 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	23
12 Samstarf leik-, grunnskóla og frístundar.....	23
13 Foreldrasamvinna.....	23
14 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	24
15 Fylgigögn.....	26
15.1 Umsögn foreldraráðs.....	26
15.2 Helstu niðursöður könnunarinnar Stofnun ársins.....	27
15.3 Skóladagatal.....	28
15.4 Starfsmannasáttmáli.....	29



## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2023-2024 fór vel af stað, með allar stöður mannaðar. Fljótlega fór þó að halla aðeins undan fæti, mikið var um veikindi hjá starfsfólki og nokkrir starfsmenn fóru í langtímaveikindi á árinu.

Að auki veiktist maki starfsmanns af alvarlegu krabbameini, sem leiddi til mikillar fjarveru en ánægjulegt er að segja frá því að viðkomandi er á góðum batavegi.

Vegna ofangreinds var álag á starfsfólk mikið og í október var sú ákvörðun tekin í samráði við fagstjóra, að fara í faliðunarátætlun. Í fyrstu var hver deild heima einn dag í viku, alltaf sama vikudaginn, en í desember tókst okkur að auka í þannig að hver deild var heima hálfan dag í viku. Við héldum okkur áfram við sömu vikudaga fyrir hverja deild. Það var ekki fyrr en í byrjun apríl að við gátum aftur haft fullt starf á öllum deildum. Faliðunarátætlunin var í byrjun kynnt foreldrum í tölvupósti, en einnig voru haldnir fundir í október með foreldrum hverrar deildar fyrir sig.

Að fara í faliðun létti mjög álagi af kennurum og starfsfólki. Jafnframt tók það nokkurn toll af skólastjórnendunum sem þurftu að svara fyrir þessar aðgerðir, skiljanlega voru foreldrar ekki sáttir. Við stjórnendur fengum stuðning frá ýmsum aðilum; Fagstjóra, mannauðsstjóra, Afleysingastofu og skrifstofustjóra leikskólaskrifstofu, auk þess sem leikskólastjóri var fenginn til að vera okkur jafningjastuðningur.

Auðvitað hafið enginn töfralausn á mönnunarvandannum; en það var mjög gott að fá þennan stuðning og þar kom að okkur tókst að fara aftur í fulla starfsemi.

Við fengum að venju marga góða gesti á þessu skólaári, bæði innlenda og erlenda kennara. Þegar kennarar hittast eru umræðuefnin alltaf næg, sama hvert þjóðernið er, bæði um fagið og kjaramálin:) Mér fannst sérstaklega gaman að heyra frá fleirum en einum gesti að eftir því væri tekið hvað starfsfólk er mikið niðri á gólfi með börnunum.

Við lögðum áherslu á félagsfærni í innleiðingu Menntastefnunnar þetta skólaár og munum leggja áherslu á heilbrigði.

Á vordögum fengum við samþykka aðildarumsókn vegna Erasmus+ og vilyrði fyrir styrk. U.þ.b. fjórir kennarar/stjórnendur munu því sækja sér fræðslu erlendis á næsta skólaári, við eigum eftir að skoða nánari útfærslu á því.

Haldið var upp á 30 ára afmæli Sæborgar á sumarhátíð í júní og var hún því meira samstarfsverkefni stjórnar foreldrafélags og skólans en oft áður. Boðið var upp á pylsur, afmælisköku og skemmtiatriði. Við fengum marga góða gesti og mál manna var að hátíðin hafi verið sérstaklega skemmtileg, ekki síst af því að tveir starfsmenn buðu upp á tónlistatriði sem höfðaði vel til barnanna.

Undirrituð lýkur þessu skólaári þakklát fyrir margt, reynslunni ríkari og horfir bjartsýnum augum til þess næsta.

Hafdís Svansdóttir, skólastjóri Sæborgar.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Upplýsingar til foreldra um starf og stefnu skólans			Okkur vannst ekki tími til að senda út fyrirhugaða könnun til foreldra
Móttaka barna			Sjá hér að ofan
Matarflæði	Umræður á deildar-, deildarstjóra- og starfsmannafundum. Samtöl við börnin. Óformlega fylgst með magni matar sem fór í ruslið.	Starfsfólk	Markmið um minni matarsóun náðust að nokkru leyti. Einnig tókum við okkur á varðandi sjálfshjálpi barnanna, t.d. með því að hafa borðhnífa alltaf aðgengilega og hvetja til notkunar á þeim.
Flæði	Umræður á starfsmanna- og deildarfundum.	Starfsfólk	Ekki vannst tími til að vinna að þessu markmiði eins markvisst og við hefðum viljað. Ætlum að vinna áfram með á næsta skólaári.
Leikur	Umræður á starfsmanna- og deildarfundum	Starfsfólk	Ekki vannst tími til að vinna að þessu markmiði eins markvisst og við hefðum viljað. Ætlum að vinna áfram með á næsta skólaári.
Teymisvinna	Komst ekki í framkvæmd.		
Matsteymi	Komst ekki í framkvæmd.		

### Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorf starfsfólks til Sæborgar	Viðhorfskönnunin Stofnun ársins	Starfsfólk í Sæborg	Sjá fylgiskjal 1



### 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Vegna faliðunar sem við vorum lengi í á þessu skólaári, var ekki unnt að ná öllum markmiðum í síðustu námskrá. Sum markmið okkar verða því þau sömu.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
Upplýsingar til foreldra	Að upplýsa foreldra betur um stefnu og starf leikskólans í gegnum tölvupósta	Að setja meiri fróðleik um starfið í póstana. Kynna stefnuna á foreldra-fundum	Deildarstjórar. Leikskólastjórar.	Septemb er 2024	Maí 2025	Foreldrakönnun	Aukin þekking foreldra á stefnu skólans og daglegu lífi í leikskóla.
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
Flæði	Að flæði verði aftur meiri partur af starfinu í Sæborg. Að börnin hafi meiri áhrif á viðfangs-efnin	Að auka aðkomu barnanna að efnivið í flæði. Að auka þekkingu nýs starfsfólks á flæðis-hugtakinu.	Starfsfólk og börn	Septemb er 2024	Apríl 2025	Rýnihópar barna. Umræðumat á deildar- og starfsmannafundum	Aukin þekking starfsfólks á flæði. Aukin áhrif barna á eigin viðfangsefni
Hæglæti	Að auka ró í daglegu starfi	Gefa leikrými og tíma. Brjóta daginn eins lítið upp og hægt er. Huga að orðræðu.	Starfsfólk og börn	Október 2024	Febrúar 2025	Umræðumat á deildar- og starfsmannafundum. Foreldrakönnun	Meiri vellíðan barna og starfsfólks.
<b>Mannauður/ Leikskólabragur</b>							
Teymisvinna	Að byrja aftur með teymisvinnu í Sæborg.	Aukin miðlun fróðleiks í skólanum.	Skólastjórar starfsfólk í teyimum	Október 2024	Júní 2025	Skrifleg greinargerð frá teyimum	Virkt lærdómssamfélag innan leikskólans til eflingar faglegu starfi



Samvinna	Að auka samvinnu milli deilda	Aukin samvinna á álagstímu	Allt starfsfólk	Ágúst 2024	Júní 2025	Reglulegt umræðumat á deildarstjóra- og starfsmannafundum.	Betri líðan barna og starfsfólks.
Innra mat							
Matsteymi	Að efla innra mat.	Fundargerðir matsteymis. Fá foreldra í matsteymi. Að auka þátttöku barna í innra mati.	Stjórnendur og matsteymi.	Nóvember 2024	Maí 2025	Umræðumat.	Markvissara innra mat. Aukin áhrif foreldra og barna á starfið.





## 4 Garðar, innra mat

Aðlögun nýrra barna hófst strax í byrjun skólaársins en þrjú börn voru fyrir á deildinni. Í fyrstu aðlögun í ágúst byrjuðu fimm ný börn, þrjú bættust við í september og svo það síðasta í október. Á deildinni voru 12 börn, 7 strákar og 5 stelpur. Börnin voru fædd á bilinu júní 2021 og maí 2022 og því 11 mánaða aldursbil á deildinni.

Í byrjun voru 4 starfsmenn á deildinni en strax í september fór einn starfsmaður í 50% veikindaleyfi og fullt veikindaleyfi í október (og í fæðingarorlof í framhaldi af því). Það voru því 3 starfsmenn í 100% stöðum á deildinni nánast allan veturinn. Í febrúar hætti einn starfsmaður og annar byrjaði viku seinna.

Megin áherslan var lögð á leik og samskipti milli barna bæði almennt og í leik. Best þótti okkur að hafa dagskipulagið nokkuð flæðandi en þó með ákveðnum ramma, s.s. alltaf samverustundir á morgnana þar sem var ýmist sungið eða lesin loðtöflusaga fyrir hópinn. Mikið rými var fyrir sjálfsprottinn leik barnanna og lagði starfsfólk sig fram um að vera á hliðarlínunni og gólfinu og styðja við leik barnanna.

Vegna ungs aldurs barnanna fóru öll börnin inn í hvíld framan af vetri og því héldum við okkur við það að allur hópurinn færi út í einu í stað þess að tvískipta hópnum. Það var því alltaf útivera fyrir hádegi nema desember og janúar einkenndust af mikilli inniveru sökum kulda og slæmrar færðar í garðinum fyrir smáa fætur. Í söng- og sögustundum var lögð rík áhersla á málörvun og orðaforða, þ.e. texti var ræddur og orð útskýrð. Börnin horfðu oft út til veðurs og við fundum lög sem tengdust veðri dagsins, s.s. lög um sól, vind, rigningu og fleira. Eldgos voru líka mikið rædd í samverustund enda hvergi betra útsýni á eldgos vetrarins en einmitt út um gluggann á deildinni og börnin því með flottan orðaforða tengdan eldgosum. Söng- og sögustundir voru einnig nýttar til að efla hljóðkerfisvitund barnanna, s.s. að ríma eins atkvæða rím og klappa atkvæði í nöfnum barnanna. Hlutverkaleikur varð meiri og meiri eftir því sem leið á skólaárið og sóttu börnin sér innblástur í hlutverk úr sínu nærumhverfi, t.d. að vera mamman, pabbinn eða kisan.

Um vorið fóru börnin í sína fyrstu vettvangsferð en við biðum með vettvangsferðir um haustið þar sem ekki öll börnin voru farin að ganga og við vorum fámenn. Farið var í ferðir bæði með hluta hópsins og einnig allan hópinn.

Líkt og komið hefur fram áður var veturinn þungur vegna manneklu og var erfiðara að komast í að vinna stór verkefni með börnunum. Við unnum engu að síður stórt listasmiðjuverkefni sem hefur verið hluti af starfi Sæborgar í fjölda ára en urðum að sníða okkur stakk eftir vexti og minnka umfang skráninga úr verkefninu. Að öðru leyti var árið á Görðum virkilega gott, starfsfólk náði vel saman sem teymi og það skilaði sér í barnahópin sem er virkilega flottur og góður hópur.



## Umbótaáætlun fyrir Garða 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Móttaka	Að allir foreldrar upplifi góðar móttökur á Görðum.	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir	Sept-ember 2024	Október 2024	Foreldra-könnun	Að allir foreldrar upplifi öryggi þegar barn er kvatt.
Sjálfsþing	Að efla sjálfshjálpi í fataherberginu	Að gefa rúman tíma í fataherberginu og hvetja börnin til að gera sjálf. Að nota fót sem leikefni inni á deild.	Deildar-stjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Október 2024	Júní 2025	Metið á deildarfundum.	Að börnin verði að einhverju leyti fær um að klæða sig sjálf.
Sjálfsþing	Að yta undir sjálfshjálpi barnanna í matartímum	Hvetja börnin til að ganga sjálf frá eftir máltíðir.	Deildar-stjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Október 2024	Janúar 2025	Metið á deildarfundum.	Aukin sjálfs-hjálpi barnanna í matartímum.
Læsi og málörvun	Að efla málþroska barnanna	Lesa bækur, syngja og spjalla við börnin í öllum daglegum aðstæðum	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	September 2024	Júní 2025	Metið á deildarfundum.	Bættur orðaforði og mál-skilningur. Börnin verða öruggari í samskiptum sín á milli.



## 5 Lambhóll, innra mat

Haustið 2023 byrjuðu þrjú ný börn í aðlögun seinni hluta ágúst og eitt annað bættist við í október. Sjö börn færðust yfir á deildina af yngstu deildinni og fimm börn voru sitt annað ár á deildinni. Barnahópurinn var því 16 börn allt í allt, 9 strákar og 7 stelpur og voru þau á aldrinum 2 ára til 2,3 ára eða 16 mánuðir á milli yngsta og elsta.

Í upphafi skólaársins voru 4 starfsmenn á deildinni en strax í október fór einn starfsmaður í veikindaleyfi. Stuttu eftir það fór deildarstjórinn einnig í veikindaleyfi. Starfsmaður deildarinnar sem hafði verið í veikindaleyfi frá október tók við deildarstjórn snemma vors og byggir þessa greinagerð á þeim tíma.

Við ákváðum að leggja áherslu á læsi og málörvun til dæmis með því að hrinda af stað verkefni þar sem öll börnin komu með bók að heiman til að lesa í samverustund. Þetta hitti vel í mark og börnunum þótti mjög skemmtilegt að koma með sína bók að heiman. Það gekk virkilega vel að halda samverustundir fyrir allan hópinn í einu sem telst mjög gott miðað við aldur þeirra og varð þetta að mjög skemmtilegum lesstundum hjá okkur.

Um vorið ákváðum við einnig að leggja meiri áherslu á skapandi starf og að fara með börnin í smáum hópum í listasmiðjuna. Ekki hafði gefist mikið rými til þess fyrr um veturinn og því um að gera að grípa tækifærið þegar vel var mannað á deildinni. Börnin fengu mörg tækifæri til að mála, klippa og leira og einnig fannst þeim gaman að fara í listasmiðjuna og uppgötva það rými eitt og sér.

Vettvangsferðir var eitthvað sem okkur langaði mikið að gera yfir veturinn en vegna aðstæðna fórum við ekki í ferðir fyrr en seint um vorið. Við fórum bæði með hluta hópsins og einnig allan hópinn og fórum á leikvelli í nágrenninu og einnig í fjöruferðir.

Venjulega hefur Lambhóll byrjað með hlaðborð fljótlega eftir áramót en það dróst fram á sumar í þetta sinn. Barnahópurinn var mjög tilbúinn í þetta verkefni og þurfti nánast enga aðlögun fyrir það og naut sín vel að verða örlítið sjálfstæðari í matartímunum.



## Umbótaáætlun fyrir Lambhól 2024-2025

MBÓTAÞÁTTUR/MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur	Mikilvægi þess að horfa á leik barna sem hluta af námsferli þeirra. Starfsfólk á að skapa rými fyrir leik og vera til taks til að taka þátt.	Hafa börn í smærri hópum og starfsfólk ætti að vera til staðar til að styðja við leikinn	Deildastjóri	Sept. 2024	Mai 2025	Rætt á starfsmannafundi um hvernig gengur og hvað má gera betur	Afslappa ðri leikur og aukin samleikur. Börn fara dýpra í leikinn.
Vettvangsferðir	Fara í vettfangsferðir	Nota daga þegar nóg er af starfsfólki til að fara í ferðir innan hverfisins. Skipta börnum í smærri hópa til að auka upplifunina	Deildastjóri og starfsfólk	Okt. 2024	Juni 2025	Rætt á starfsmannafundi hvernig hægt er að skipuleggja þetta	Gaman að fara út fyrir lóðina og börnin venjast því að fylgja fyrirmælum
Matartíminn	Hvetja börnin til að vera sjálfstæðari í hádeginu og setja matinn sjálf á diskana sína og ganga frá á eftir.	Hafa matinn í smærri ílátum og áhöld sem passa vel í hendur barnanna.	Deildastjóri og starfsfólk	Des. 2024	Júní 2025	Rætt á starfsmannafundi um	Markmiðið er að undirbúa þau fyrir það sem koma skal á næstu deild.
Sjálfshjálp	Hvetja börnin til að klæða sig sjálf úr eftir útiveru. Mögulega hvetja þau með vorinu til að klæða sig meira í einnig.	Fara inn í smærri hópum til að gefa okkur og börnunum meiri tíma	Deildastjóri og starfsfólk	Sept. 2024	Juni 2025	Metið á deildarfundum	Auka getu þeirra til að gera sjálf.



## 6 Endurmat Suðurhlíð veturinn 2023-2024

Aðstoðarleikskólastjóri skrifar hér nokkur orð um skólaárið á Suðurhlíð, vegna óvænts leyfis og síðar starfsloka tveggja deildarstjóra tók hann tímabundið við deildarumsjón í byrjun desember 2023. Mun því hér aðeins vera fjallað um tímabilið frá desember 2023 til ágúst 2024. Þá voru 19 börn á deildinni en um áramót hætti einn drengur.

Veturinn 2023-2024 voru 18 börn á Suðurhlíð, samtals 11 drengir og 7 stúlkur.

8 börn fædd árið 2019, allt drengir og 10 börn fædd 2020, 7 stúlkur 3 drengir.

Þegar aðstoðarleikskólastjóri tók við deildarumsjón þótti brýnt að leggja áhersla á meiri ró og festu utan um starfið á deildinni og um leið að stuðla að því að börnin fengju enn meiri tíma og rými við leik í flæði. Myndaður var skýrari rammi en rýmri í dagskipulagi deildarinnar og athygli beint að hlutverki og meðvitund starfsfólks varðandi sjálfsprottinn leik barnanna. Skipulag deildarinnar var skoðað með þetta að markmiði og voru hillur og skápar notað til að hólfa niður í minni leikrými og mottur nýttar með hljóðvist í huga. Flæði í leik var einn áherslupátturinn og var leitast við að gefa leiknum góðan tíma og rými. Þannig var t.d. ávaxtastundin oft færð inn í leiksvæðið til að trufla ekki leik barnanna eða inn í lestrarstundir í minni hópum. Barnahópnum var skipt upp í leikrýmin sem deildin hafði yfir að bjóða auk útsvæðis. Torgið og listasmiðja var einnig nýtt í sama tilgangi og ágætt samstarf var milli Suðurhlíðar og elstu deildarinnar Brúarenda um nýtingu svæða þar þegar hentaði.

Efling sjálfshjálpar í öllum aðstæðum þótti áfram mikilvæg. Börnin voru í hvívetna hvött til að klæða sig sjálf eftir bestu getu í og úr útifötum og ganga frá í hólfin sín. Þau fóru í litlum hópum í fataherbergið með einum til tveimur starfsmönnum, þannig skapaðist góður tími og rými utan um þær aðstæður. Flest börnin eru nú vel sjálfstæð í þessu samhengi.

Í matartímum voru börnin hvött til að nota hnífapör og skera niður matinn sinn en þau fengu aðstoð við það til að byrja með og áfram eftir þörfum. Nú eru flest búin að tileinka sér þá færni auk þess að hella sjálf í glasið sitt. Lögð var áhersla á að leiðbeina þeim við að skammta sér mat og drykk í hæfilegu magni og benda þeim á að fá sér frekar ábót. Þetta var einnig gert í þeim tilgangi að fyrirbyggja matarsóun. Allar aðstæður í dagsins önn voru nýttar til að styrkja félagsfærni barnanna. Þau hvött til að sýna öðrum kurteisi eins og að heilsa, bjóða góðan dag á morgnana og svara, þakka fyrir sig og segja gjörðu svo vel. Sköpuðust oft góðar og skemmtilegar samræður um það hvað ýmis orð eða setningar í raun þýða. Starfsfólk var meðvitað um mikilvægi þess að bregðast alltaf jákvætt við með og setja orð á það þegar barn sýnir öðrum kurteisi, hjálpsemi eða samkennd. Það er nokkuð sem er mikil hvatning í átt að bættri hegðum, góðri félagsfærni og sjálfsmynd.

Áhugi barnanna á bókum og sögum kom strax í ljós og byrjuðu flestir morgnar með bókalestri og frásögnum í ýmsum myndum. All flest börnin komu oft í viku með bók í leikskólann og höfðu mikla ánægju af að deila þeim með okkur hinum. Lstrar- og sögustundir voru bæði í skipulögðu formi eða sjálfsprottnar og fóru þær fram á ýmsum stöðum, allt eftir því hvar áhugi barnanna og þörf fyrir að lesa kviknaði hverju sinni. Þarna kom sér vel góð frásagnarlist nýs starfsfólks á deildinni og natni þeirra við að leggja inn ný orð. Yfirleitt voru þau upplýst jafnóðum um merkingu orðin í stað þess að spyrja börnin. Það varð til þess að þau spurðu oft á tíðum „hvað þýðir það?“ og var unun að sjá hve vel þetta skilaði sér inn í málörvun og orðaforða barnanna sem urðu forvitin og athugul um ný orð og setningar sem þau ekki kunnu. Af fenginni reynslu okkar var mikinn áhuga á eldgosum sem skilaði sér vel inn í sögustundir. Undirrituð átti einnig reynslusögu frá æsku um eldgos sem börnin urðu aldrei leið á að heyra. Við vorum líka svo heppin að hafa besta útsýnið frá Suðurhlíð og fengum við að sjá eldgosíð ” í beinni útsendingu” ef þannig má að orði komast.



Þetta skilaði sér líka inn í leik barnanna hvort sem um hlutverkaleik eða byggingaleik var að ræða.

Á vorönn var farið í nokkrar vettvangsferðir, í misstórum hópum eða með hluta af börnum á Brúarenda. Oftast var farið í fjöruferðir eða nálæga róluvelli. Börnin voru fljót að tileinka sér reglur sem gilda í vettvangsferðum eins og það að ganga í röð.

Einn drengur í árgangi 2019 fluttist yfir í annan leikskóla í byrjun ágúst, en á sama tíma fluttist allur barnahópurinn, 17 börn yfir á elstu deildina Brúarenda.



## Umbótaáætlun Suðurhlíðar.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfs hjálp	Að auka sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum, s.s. í fataherbergi og og í matartímum.	Að starfsfólk hvetji börnin til að t.d. brytja matinn sjálf og klæða sig sjálf fyrir útiveru.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.	Sept. 2024	Des. 2024	Umræðumat á deildarfundum.	Meiri færni til sjálfs hjálpar í daglegum athöfnum.
Leikur	Að starfsfólk verði meðvitaðra og um leikinn sem námsleið barna.	Að starfsfólk fái fræðslu og handleiðslu um efnið.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Október 2024	Apríl 2025	Umræðumat á deildarfundum.	Faglegra starf á deildinni
Skoða hlutverk starfsfólks í leiknum og virkja þátttöku þegar það á við.	Að starfsfólk verði meðvitaðra um hlutverk sitt í leiknum.	Að starfsfólk fái fræðslu og handleiðslu um efnið.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.	Nóv. 2024	Maí 2025	Umræðumat á deildarfundum.	Meira sjálfsöryggi starfsfólks um hlutverk þess í leiknum.



## 7 Brúarendi innra mat

Leikskólastjóri skrifar hér nokkur orð um starfið á Brúarenda, þar til nýr deildarstjóri tók við í febrúar.

Síðasta skólaár byrjaði vel á deildinni. Nýr deildarstjóri tók við í ágúst en fór síðan í veikindaleyfi í október. Deildarstjóralaus var þar til í febrúar, eins og áður hefur komið fram.

Starfsfólk á deildinni stóð sig vel í að halda öllu gangandi í þessu millibils ástandi, en sum deildarstjóraverkefni lögðust óhjákvæmilega á herðar skólastjórnenda.

Á Brúarenda var 21 barn síðasta skólaár. Nokkur velta starfsfólks var, sem hafði áhrif framan af á það hvernig tókst að ná markmiðum síðustu starfsáætlunar; sem voru skráningar, hæglæti og að tengja flæði og sköpun við vettvangsferðir.

Ég, Sulakshna (Ammu), tók við sem deildarstjóri um miðjan febrúar 2024. Á þeim tíma voru fjórir starfsmenn í fullu starfi og þrír í hlutastarfi. Þar sem mörg börn deildu litlu rými var umhverfið inni á deild frekar hávaðasamt, því var ákveðið að reyna að mynda næði og ró á deildinni sem fyrst. Samkvæmt markmiðum fyrir árið 2023-2024 var ákveðið að gefa leiknum meiri vægi. Uppröðun húsgagna var breytt til að búa nokkur afgirt leikrými þar sem börnin gátu verið í minni hópum án truflunar annara. Einnig voru breytingar í dagskipulagi og hópnum var tvískipt þegar starfsmannahald var gott. Þar af leiðandi voru fá börn inni í einu og leikurinn fékk rými til að þróast og félagsleg samskipti milli barna urðu betri. Útskriftarárgangur fór í margar vettvangsferðir þar með talið hefðbundnar ferðir sem einungis elstu börnin eru boðin í. Þar lærðu þau ýmislegt áhugavert en á sama tíma kynntust þau því hvernig eigi að haga sér á almannafæri, halda hópinn og fara eftir fyrirmælum. Yngri hópurinn nýtti oft tíma í samveru með sínum jafnöldrum á Suðurhlið og fékk því tækifæri til að rækta vináttutengsl sín á milli. Einnig fóru þau saman í ferðir í fjöruna og nálæga leikvelli.

Barnahópnum var skipt í þrjá hópa í vor þar sem hver hópur vann rannsókn samkvæmt könnunaraðferðinni. Einn hópur valdi að rannsaka mannlíkamann, annar valdi að rannsaka plánetur og þriðji valdi að rannsaka fugla. Bækur og myndbönd um viðfangsefnið voru skoðaðar, farið var í vettvangsferðir og efnið rætt við sérfræðinga þegar tækifæri gafst. Það var lærdómsríkt ferli fyrir starfsfólk og börn sem endaði með opnu húsi fyrir foreldrana. Börnin voru afar stolt að deila sinni nýju þekkingu í gegnum listaverk og skráningar um ferlið.

Elstu börnin tóku þátt í skipulagningu útskriftarinnar. Þau völdu að fara í húsdýragarðinum og áttu þau góðan dag í samveru með kennurum sínum. Þau ákváðu einnig að semja og æfa þrjú leikrit fyrir útskriftarathöfnina: Gullbrá og birnirnir þrír, Geiturnar þrjár og Kiðlingarnir sjö. Þau unnu hörðum höndum við að gera búninga og leikmuni úr efnivið í listasmiðjunni, setja upp sögusvið og síðan voru leikritin tekin upp. Athöfnin var glæsileg, leikritin sýndu fram á sköpunargleði barna og börnin stóðu sig með þryði. Yngri hópurinn okkar beið spenntur eftir að fá að vera elstu börnin í Sæborg næsta haust.





## Innra mat Brúarenda

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
<b>Félagsfærni</b>	Að mynda liðsheild á deildinni. Að börnin læri góð samskipti, kunni að setja mörk á viðeigandi hátt og virða mörk annara.	Nýta sögur og atvik til að kenna börnum að setja sig í spor annara, bera virðingu og bjóða fram hjálpu. Veita hrós fyrir jákvæða hegðun.	Allt starfsfólk	ágúst	Júlí	Ígrundun skráninga Viðtöl við börn um samskipti og vináttu tengsl inni á deild.	Aukin vellíðan barna og hæfni til að leika með ólíkum einstaklingum. Aukið umburðalyndi og virðing í barna hópnum.
<b>Þróá könnunaraðferðina</b>	Efla forvitni og þekkingarleit barna. Stuðla að samvinnu og fjölbreyttum tjáninga leiðum barna. Að börn læri að vinna í hóp. Auka þekking starfsmanna á styrkleikum barna	Fræða starfsfólk um hugmyndafræði og notkun könnunaraðferðinnar með börnum. Gera ráð fyrir einni rannsókn á önn til að byrja með og skipuleggja deildarstarf út frá því.	Deildarstjórinn. Allt starfsfólk tekur þátt í framkvæmdinni	Okt	Júní	Viðtöl við börnin og starfsfólk varðandi upplifunina og aukin þekking á styrkleikum barna. Skráningar um verkefnið ígrundaðar af börnum og starfsfólk deildarinnar	Aukin þekking barna á sjálfvöðu rannsóknarefni. Nýting skapandi leiða í framgangi og framsetningu verkefnanna. Sterkari liðsheild, samvinna og góð samskipti í hópnum.
<b>Auka skráningagerð til að skrásetja nám, þroska og styrkleika barna</b>	Gera nám barna sýnilegra fyrir þau sjálf, kennara og foreldra. Auka ígrundun skráninga sem leið til að meta innra starf og leiða til umbóta.	Fræðsla til starfsfólks, þróun ýmissa skráningaleiða. Starfsfólk fær úthlutaða ábyrgð á ákveðnum hópum barna.	Deildarstjórinn leiðir ferlið. Starfsfólk ber ábyrgð á skráningum hjá sínum hóp.	Okt	Júní	Skráningum deilt með öðru starfsfólki og sameiginleg ígrundun á deildarfundum. Einstaklinga- og hópskráningar settar í námsmöppur barna og aðgengilegar þeim.	Aukið öryggi starfsfólks í skráningagerð. Aukin þekking á styrkleika og hæfileika barna. Umbætur í starfi og viðeigandi breytingar inni á deild.
<b>Vettvangsferðir-útínám.</b>	Auka samþætting vettvangsferða við deildarstarf og áhugasvið barna. Allt starfsfólk og börn fá tækifæri til að taka þátt í vettvangsferðum. Myndrænar skráningar gerðar aðgengilegar börnunum.	Vettvangsferðir sem tengjast rannsóknarefni hverju sinni. Könnun á nærumhverfi barna og fleiri styttri ferðir t.d. í fjöruna /bókasófn eða aðra leikskóla.	Deildarstjóri og Heli. Allt starfsfólk	Okt	Maí	Vettvangsferðir ákveðnar út frá starfinu á deildinni eða nýttar sem kveikjur fyrir nýjar rannsóknir.	Aukin samþætting í starfi og nýjar upplifanir sem endurspeglast í umræðum og leik barna.



Málörvun	Auka lestur, rím, söngvar og spil með börnum.	Nota lestur og söngva til að auka málskilning, efla orðaforða og auka tjáningu barna. Nota loðtöflusögur, hlusta á rafrænar sögur og bókaþió	Deildarstjóri samstarfi við starfsfólk í sérkennslu og allt starfsfólk deildarinnar.	Ágúst	Júní	Skráning á söngvum og bókum sem nýtt er á deildinni.	Aukin þekking barna á íslenskum barnalögum, aukinn orðaforði, skilningur og málgleði.
----------	---	--	--	-------	------	--	---



## 8 Listasmiðja.

Í byrjun síðasta skólaárs var meiningin að nýr listasmiðjustjóri tæki við störfum. Þannig fór þó að viðkomandi þurfti að fara í leyfi strax í lok ágúst og var frá allt skólaárið. Ekki var unnt að auglýsa eftir listasmiðjustjóra í afleysingar að mánuði liðnum, því okkur vantaði þá deildarstóra að auki og mjög illa gekk að ráða í þá afleysingastöðu.

Starfsfólk var samt duglegt við að nota aðstöðuna í Listasmiðju og einnig að vinna með ýmsan efnivið þaðan inni á deild.

Staða listasmiðjustjóra í Sæborg þetta skólaár er enn óljós, mögulega mun hlutastarfsmaður taka það að sér.

Við ætlum að hafa sömu umbótaáætlun fyrir Listasmiðju 2024-2025.

### Umbótaáætlun Listasmiðju

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Teymisvinna</b>	Virkja fleira starfsfólk í skapandi vinnu með börnum. Listasmiðjan teygir enga sína enn frekar inn í allt starf leikskólans.	Starfsfólk taki þátt í að móta starf Listasmiðjunnar á teymisfundum	Listasmiðjustjóri og stjórnendur skólans.	Nóvember 2024	Júní 2025	Skráningar. Mat á teymisfundum á 4-5 vikna fresti.	Að teymisvinna um Listasmiðju verði til.
	Skapa börnunum meira rými og tíma fyrir leik og sköpun sem leiðir af sér dýpri þekkingu og tengsl við efniviðinn.	Aukin áhersla á verkefn þar sem áhugahvöt barnanna ræður ferðinni. Aðaláhersla á ferlið .	Listasmiðjustjóri og teymi	Október 2024	Mai 2025	Skráningar. Mat á teymisfundum á 4-5 vikna fresti.	Ró í Listasmiðjunni sem vonandi smitar um allan skólann.
<b>Fagurfræði leikskólans</b>	Samræma fagurfræðilegt umhverfi leikskólans.	Hafa fallett, snyrtilegt, skapandi og örvandi umhverfi.	Listasmiðjustjóri og teymi. Allt starfsfólk	Septemb er 2024	Júní 2025	Ljósmyndir af deildum teknar reglulega.	Nota matsfundi og ljósmyndir til að meta árangur.



## 9 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2023-2024

<p><b>Skipulagning sérkennslu</b>  Hvernig var sérkennslan skipulögð;  Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?  Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?  Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?  Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Hér í Sæborg var eitt barn með 8 klst stuðning á dag, eitt barn með 6 klst stuðning og eitt barn með 4 klst stuðning. Fimm börn fengu snemmtæka íhlutun. Gerð var einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem á þurftu að halda og sérkennslustjóri og sérkennari héldu utan um þeirra mál.  Alltaf er lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu. Stuðningur fer bæði fram í einstaklingskennslu og í litlum hópi.  Stór hluti stuðningsstarfs fer fram með barnahópnum.  Skráning fer fram í einstaklingskennslu og einnig er skráð hvernig gengur í leik, ADL, félagsfærni og fleira. Notaður er sérstakur viðmiðunarskali en einnig eru notaðar myndir og aðrar aðferðir við skráningu. Áhersla er lögð á að allir á deildinni fái upplýsingar um áhersluatriði hjá hverju barni svo að allir á deildinni séu virkir í þjálfuninni. Þannig vinna allir saman í því að aðstoða barnið við að yfirfæra nám úr einstaklingsþjálfun yfir í almennar aðstæður.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b>  Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>APES, VB-map, TRAS, Hljóm-2, orðaskil og smábarnalistinn/ íslenski þroskalistinn og íslenski mállhljóðamælirinn. Notaður er sérstakur viðmiðunarskali þegar metið er hvernig gengur að fylgja markmiðum í einstaklingsáætlun.</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b>  Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Við notum bæði aðkeypt og heimatilbúin námsgögn. Bækur, myndir af hlutum, sagnaspjöld, myndaspjöld frá ABC og heimatilbúið efni. Sérstakt efni til fínhreyfi- og grófhreyfi þjálfunar, flokkunar/ pörunarverkefni og ýmislegt fleira.</p>



## Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Markvissari sérkennsla. Kynna betur markmið úr einstaklingsáætlun sem unnið er eftir.	Efla mark- vissari sér- kennslu. Funda með starfsfólki deilda.	Stuðla að því að sérkennslustjóri, sérkennari og aðrir í sérkennsluteymi hittist reglulega. Sérkennslustjóri og eða sérkennari mæti á deildarfundi á 6-8 vikna fresti	Sér- kennslu stjóri	September 2024	Júní 2025	Umræðumat þeirra sem koma að sérkennslu.	Markvissara og sýniegra endurmat á hæfni.



## 10 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keypt námsgögn
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Við vinnum með Gefðu 10
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Já við leggjum mikla áherslu á að þeir í kennarahópnum sem hafa íslensku sem fyrsta mál noti ríkulegan orðaforða í öllum aðstæðum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við vorum ekki að nota Hæfnirammana þetta skólaár, en stefnum á að nýta okkur þá aftur á næsta skólaári.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við teljum okkur huga að öllum þessum þáttum.

### Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málstefna	Að ljúka vinnu við málstefnu Sæborgar.	Nýta verkfæri sem við fengum frá fulltrúa Miðju máls og læsis.	Leikskólastjórar	Október 2024	Janúar 2025	Umræðumat.	Að íslenska sé samskiptamálið í Sæborg, eins og málstefnan segir til um
Hæfniramar í íslensku	Að efla markvissa málörvun fjöltyngdra barna	Að nýta hæfniramman a til að kanna stöðu fjöltyngdra barna í íslensku.	Leikskólastjórar	Október 2024	Maí 2025	Virgni í notkun hæfniramman a skoðuð. Umræðumat á deildarstjóra- og deildarfundum.	Auknar framfarir í íslensku



## 11 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri hitti allt starfsfólk í starfsþróunarsamtölum í janúar og nýtti túlka eftir því sem við átti. Það er alltaf gaman að setjast niður og ræða málin maður á mann.

Emilía Rafnsdóttir frá Miðju máls og læsis, hélt fyrirlestur á skipulagsdegi í september og talaði um málstefnu og málörvun.

Sigríður Indriðadóttir kom til okkar á skipulagsdegi í nóvember og hélt fyrirlestur um öfluga liðsheild og jákvæða vinnustaðamenningu. Hún fræddi okkur um góð samskipti, hvernig við setjum - og orðum mörk og veitum endurgjöf. Sigríður leiddi einnig hópavinnu um samstarfssáttmála Sæborgar. Hún kom síðan aftur á starfsdegi í febrúar til að fylgja vinnunni eftir og ræða hvernig gengi. Einnig aðstoðaði hún okkur við að klára sáttmálann, sem hangir nú uppi á vegg í kaffistofunni.

Á starfsdegi 17. maí tókum við þátt í Menntastefnumóti eins og aðrir skólar í Reykjavík, fylgdumst með rafrænni fræðslu í skólanum fyrir hádegi og fórum síðan á fyrirlestra í Mela- og Hagaskóla eftir hádegi.

Leikskólastjórnendur tóku þátt í lærdómssamfélagi leikskólastjóra sem var bæði ánægjulegt og gagnlegt. Við ræddum m.a. fjölmenningu lengi og mikið og fengum ýmsa punkta sem við gátum nýtt í okkar skóla.

## 12 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Okkar samstarfsgrunnskóli er Melaskóli.

Elstu börnin fóru í heimsókn þangað í vor og fóru þá einnig í frístundamiðstöðina Selið. Samstarf var milli leik- og grunnskóla í hverfinu um dagsetningar á sameiginlegum skipulagsdögum næsta skólaár.

Sérkennslustjóri og deildarstjóri á elstu deild fóru á skilafund vegna barna sem fara í Melaskóla í haust.

Einnig fór sérkennslustjóri á skilafund í annan grunnskóla vegna barns sem fengið hafði stuðningstíma.

## 13 Foreldrasamvinna

Við Sæborg starfar foreldraráð, sem skipað er þremur fulltrúum foreldra. Hlutverk ráðsins er m.a. að gefa umsögn um starfsáætlun. Þegar við neyddumst til að fara í faliðun s.l. haust var foreldraráð upplýst um málið á undan öðrum foreldrum, þau studdu vel við okkur og sátu líka tvo fundi með okkur, fagstjóra og skrifstofustjóra leikskólaskrifstofu.

Einnig er öflugt foreldrafélag, þar sem fimm eru í stjórn sem kosið er í á aðalfundi að hausti. Foreldrafélagið greiddi kostnað við jólaball sem haldið var í desember og gaf starfsfólki einnig góða gjöf fyrir jólin.

Einnig greiddi það flestar veitingar sem í boði voru á Sumarhátíð í júní, þar sem einnig var haldið upp á 30 ára afmæli Sæborgar.

Auk þess færði félagið starfsfólki glaðning á kaffistofuna nokkrum sinnum á skólaárinu, sem var sannarlega vel þegið.



## 14 Skipulagsdagar 2024-2025

Fimmtudagur 22. ágúst  
Föstudagur 27. september (eins og Melaskóli)  
Föstudagur 15. nóvember  
Fimmtudagur 6. febrúar (eins og Melaskóli)  
Föstudagur 28. mars  
Mánudagur 5. maí (eins og Melaskóli)

## 15 Fylgiskjöl

15.1 Umsögn foreldraráðs  
15.2 Helstu niðurstöður könnunarinnar Stofnun ársins  
15.3 Skóladagatal  
15.4 Starfsmannasáttmáli Sæborgar

F. h. leikskólans Sæborgar

*Hafdís Svansdóttir*

3.09.2024

---

Leikskólastjóri

Dagsetning





# Fylgiskjal 1

Vesturbær, 15. október 2024

## Efni: Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Sæborgar skólaárið 2024-25

Foreldraráð vill byrja á því að þakka fyrir gott leikskólastarf sem og samstarf á því starfsári sem er að líða á annars mjög erfiðum tímum í starfi skólans. Fáliðunaráætlun sem þurfti að taka upp allt frá hausti og fram á vor mánuði hefur sannarlega litað allt starf eins og fram kemur í greinargerð skólustjóra og mati á skólastarfinu, margt sem var dregið saman og annað hreinlega lagt af í bili. Því fagnar foreldraráð því að líta hér ágætlega metnaðarfulla umbótaáætlun fyrir þetta skólaár. Eftirfarandi er umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Sæborgar fyrir starfsárið 2023-24.

Foreldraráð fagnar alltaf auknum samskiptum á milli leikskóla og heimila sem talað er um í umbótaáætlun. Enn og aftur hvetjum við þó til þess að allar upplýsingar til forráðamanna séu aðgengilegri, bæði rafrænt sem og öðrum vettvangi. Þar nefnum við m.a. upplýsingar svo sem skóladagatal, hverjir sitja í stjórnnum og ráðum, matseðla og tilkynningar af ýmsu tagi. Á meðan ekki er virk heimasíða eða annar rafrænn vettvangur til að nálgast upplýsingar þá þarf að leita lausna til að forráðamenn sitji ekki uppi með það að leita í tölvupóstum aftur í tímann til að finna upplýsingar sem tengjast skólanum.

Enn hvetjum við til þess að hugmyndafræði Reggio Emilia sem Sæborg byggir sitt starf á sé betur kynnt og hvernig hún er fléttuð inn í starfið, en það er upplifun sumra foreldra að sú stefna sé ekki sérlega sýnileg í starfinu sem kann þó að helgast af mönnunarvanda síðustu misseri. Það vekur t.d. sérstaka athygli að ekki er minnst á þá stefnu í starfsáætluninni. Einnig langar foreldraráð að benda á að tengingar við hugtakið „heilbrigði“ sem skólustjóri nefnir sem lykillugtak í innleiðingu menntastefnu þetta skólaárið séu ekki mjög sýnilegar í umbótaáætlun og má gjarnan bæta úr því.

Annað sem foreldraráði finnst vert að nefna er að hægt er að virkja heimilin enn betur þegar kemur að m.a. umræðu um matarsóun, hæglaeti eða annað sem tekið er fyrir í starfi skólans.

Enn annað sem foreldraráð vill nefna er umræða og sú staðreynd að aukið ofbeldi er að finna meðal barna og ungmenna og mikilvægi þess að að viðhorfsmótun hefjist snemma. Fyrir einhverjum árum var unnið með „STOPP“ og mætti vel taka það upp aftur til að styrkja börnin í að setja mörk og stöðva óæskilega hegðun.

Málörvun er eitt af mikilvægustu hlutverkum leikskólastarfsins að mati foreldraráðs. Það á sérstaklega við um fjöltyngd börn þar sem íslensk málörvun á sér mögulega eingöngu stað í leikskólanum en slíkt er lyklatríði til að tryggja þeim börnum árangur í námi, leik og starfi í íslensku samfélagi. Það er því ánægjulegt að sjá að á það er sérstaklega minnst í starfsáætluninni og m.a. talað um að leggja áherslu á að starfsfólk sem hafi íslensku að móðurmáli noti fjölbreyttan orðaforða í samskiptum við þessi börn. Foreldraráð hvetur þó til þess að gengið sé enn lengra og lögð sé þyngrí áhersla á málstefnu og málörvun heilt yfir. Liður í því ætti að vera að stefna að því að styðja betur við

25



starfsfólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli við að læra íslensku. Með því fengist ávinningur fyrir skólastarfið og samfélagið allt. Foreldraráð hlakkar til að sjá afrakstur vinnu við þróun málstefnu Sæborgar sem stefnt er að því að ljúka á skólaárinu og vonar að hún muni enn frekar bæta málörvun á Sæborg.

Mikil ánægja var meðal foreldra með þá ákvörðun skólastjórnenda í Vesturbæ að samræma hluta starfsdaga skólanna og því fagnar foreldraráð því að svo sé áfram.

Sumarhátíð á vegum foreldrafélagsins sem og sveitaferð tókust stórvel og var mikil ánægja með hvort tveggja, þarna skiptir góð samvinna forráðamanna og starfsfólks skólans öllu máli til að vel takist.

Það er síðan von foreldraráðs að nýuppgerð listasmiðja verði vel nýtt þetta skólaár sem og komandi ár, nemendum sem og starfsfólki til ánægju og aukins skapandi starfs. Umbótaáætlun gefur því sterklega undir fótinn og það er von foreldraráðs að ráðinn verði listasmiðjustjóri í fullt starf sem allra fyrst.

Foreldraráð Sæborgar

Guðrún Arna Gylfadóttir

Hrafnhildur Ómarsdóttir


Sæmundur Rögnvaldsson



## Fylgiskjal 2

### Helstu niðurstöður - Þættir

#### Leikskólinn Sæborg




### Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

#### Leikskólinn Sæborg

##### Hæstu 5



##### Lægstu 5



Athugið að hér er eingöngu um að ræða spurningar sem eru hluti af þáttunum sem tilheyra Stofnun ársins. Aðrar spurningar geta því verið með hærri eða lægri einkunnir.



# Fylgiskjal 3

Samband íslenskra  
sveitarfélaga

## Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn íbúðakla:

Sæborg

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1. F.	1. S	1. Þ	1. F.	1. S	1. M.	1. L.	1. L.	1. Þ	1. F.	1. S	1. Þ
2. F.	2. M.	2. M.	2. L.	2. M.	2. F.	2. S.	2. S.	2. M.	2. F.	2. M.	2. M.
3. L.	3. Þ	3. F.	3. S.	3. Þ	3. F.	3. M.	3. M.	3. F.	3. L.	3. Þ	3. F.
4. S.	4. M.	4. F.	4. M.	4. M.	4. L.	4. Þ	4. Þ	4. F.	4. S.	4. M.	4. F.
5. M.	5. F.	5. L.	5. Þ	5. F.	5. S.	5. M.	5. M.	5. L.	5. M.	5. F.	5. L.
6. Þ	6. F.	6. S.	6. M.	6. F.	6. M.	6. F.	6. F.	6. S.	6. Þ	6. S.	6. S.
7. M.	7. L.	7. M.	7. F.	7. L.	7. Þ	7. F.	7. F.	7. M.	7. M.	7. L.	7. M.
8. F.	8. Þ	8. Þ	8. F.	8. S.	8. M.	8. L.	8. L.	8. Þ	8. F.	8. S.	8. Þ
9. F.	9. M.	9. M.	9. L.	9. M.	9. F.	9. S.	9. S.	9. M.	9. F.	9. M.	9. M.
10. L.	10. Þ	10. F.	10. S.	10. Þ	10. F.	10. M.	10. M.	10. F.	10. L.	10. Þ	10. F.
11. S.	11. M.	11. F.	11. M.	11. M.	11. L.	11. Þ	11. Þ	11. F.	11. S.	11. M.	11. F.
12. M.	12. F.	12. L.	12. Þ	12. F.	12. S.	12. M.	12. M.	12. L.	12. M.	12. F.	12. L.
13. Þ	13. F.	13. S.	13. M.	13. F.	13. M.	13. F.	13. F.	13. S.	13. Þ	13. F.	13. S.
14. M.	14. L.	14. M.	14. F.	14. L.	14. Þ	14. F.	14. F.	14. M.	14. M.	14. L.	14. M.
15. F.	15. S.	15. Þ	15. F.	15. S.	15. M.	15. L.	15. L.	15. Þ	15. F.	15. S.	15. Þ
16. F.	16. M.	16. M.	16. L.	16. M.	16. F.	16. S.	16. S.	16. M.	16. F.	16. M.	16. M.
17. L.	17. Þ	17. F.	17. S.	17. Þ	17. F.	17. M.	17. M.	17. F.	17. L.	17. Þ	17. F.
18. S.	18. M.	18. F.	18. M.	18. M.	18. L.	18. Þ	18. Þ	18. F.	18. S.	18. M.	18. F.
19. M.	19. F.	19. L.	19. Þ	19. F.	19. S.	19. M.	19. M.	19. L.	19. M.	19. F.	19. L.
20. Þ	20. F.	20. S.	20. M.	20. F.	20. M.	20. F.	20. F.	20. S.	20. Þ	20. F.	20. S.
21. M.	21. L.	21. M.	21. F.	21. L.	21. Þ	21. F.	21. F.	21. M.	21. M.	21. L.	21. M.
22. F.	22. S.	22. Þ	22. F.	22. S.	22. M.	22. L.	22. L.	22. Þ	22. F.	22. S.	22. Þ
23. F.	23. M.	23. M.	23. L.	23. M.	23. F.	23. S.	23. S.	23. M.	23. F.	23. M.	23. M.
24. L.	24. Þ	24. F.	24. S.	24. Þ	24. F.	24. M.	24. M.	24. F.	24. L.	24. Þ	24. F.
25. S.	25. M.	25. F.	25. M.	25. M.	25. L.	25. Þ	25. Þ	25. F.	25. S.	25. M.	25. F.
26. M.	26. F.	26. L.	26. Þ	26. F.	26. S.	26. M.	26. M.	26. L.	26. M.	26. F.	26. L.
27. Þ	27. F.	27. S.	27. M.	27. F.	27. M.	27. F.	27. F.	27. S.	27. Þ	27. F.	27. S.
28. M.	28. L.	28. M.	28. F.	28. L.	28. Þ	28. F.	28. F.	28. M.	28. M.	28. L.	28. M.
29. F.	29. S.	29. Þ	29. F.	29. S.	29. M.	29. L.	29. L.	29. Þ	29. F.	29. S.	29. Þ
30. F.	30. M.	30. M.	30. L.	30. M.	30. F.	30. S.	30. S.	30. M.	30. F.	30. M.	30. M.
31. L.	31. M.	31. F.	31. Þ	31. F.	31. M.	31. L.	31. M.	31. M.	31. L.	31. L.	31. L.

## Fylgiskal 4

### *Góðar venjur*

*Bjóðum góðan dag, sýnum kurteisi, virðingu og gott viðmót*

*Tölum okkur upp og tileinkum okkur jákvætt hugarfar, gleði og húmor*

*Hlustum af einlægni, sýnum hvert öðru skilning og gefum skýr skilaboð*

*Tökum þátt í teymisvinnu og veljum að vera lífræn heild*

*Umvefjum fjölbreytileikan og sýnum umburðarlyndi*

*Berum virðingu fyrir tíma okkar og annarra (verum stundvís!)*

*Sýnum frumkvæði, metnað og fagmennsku*

*Leyfum okkur að dreyma og sköpum góðar minningar*

